

Nd.

470. Nefndarálit

[24. mál]

um frv. til laga um kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á mörgum fundum og fengið til viðræðna ráðuneytisstjórnann í dómsmálaráðuneytinu. Auk þess hefur borist umsögn frá réttarfarsnefnd. Á grundvelli þessa leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:

Seltjarnarneshreppur skal vera kaupstaður. Nær umdæmið yfir allan núverandi Seltjarnarneshrepp og heitir Seltjarnarneskaupstaður. Heyrir umdæmið til Reykjaneskjördæmi.

2. 2. gr. orðist svo:

Dómsmálameðferð, lögreglustjórn, tollstjórn og önnur sú meðferð málefna af hálfu ríkisvaldsins í umdæminu, sem um ræðir í lögum um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., sbr. nú lög nr. 74 1972, heyrir undir þau embætti í Reykjavík, sem í þeim lögum greinir, sbr. nú 1.—6. gr. laga nr. 74 1972.

Seltjarnarneskaupstaður og Reykjavík eiga saman dómþinghá.

3. 3. gr. breytist svo: Í stað orðanna „bæjarfógetans í Seltjarnarneskaupstað“ komi: þeirra embætta í Reykjavík, sem kveðið er á um í 2. gr. hér að framan.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Stefán Velgeirsson og Gyfi Þ. Gíslason.

Alþingi, 11. mars 1974.

Hannibal Valdimarsson,
form.

Garðar Sigurðsson,
fundaskr.

Ólafur G. Einarsson,
frsm.

Ágúst Þorvaldsson.

Gunnar Thoroddsen.